

boð komu frá Mannréttindadómstól Evrópu um að hann skuli ekki senda úr landi. Tveir þessara manna hafa myndað töluverð tengsl hér heima og mótmælafundur sem haldinn var á Lækjartorgi föstudaginn 23. október minnti því á útför þar sem margir fundu til djúprar sorgar.

Yfirlýsingar í stjórnarsáttmála um endurskoðun á lögum um hælisleitendur og nýja lagasetningu um málefni innflytjenda reyndust staðlausir stafir. Reiði fólks hefur einkum beinst að Rögnu Árnadóttir ráðherra dóms- og mannréttindamála en það er óásættanlegt að vinstristjórn haldi áfram ómannúðlegri stefnu íhaldsstjórna gagnvart útlendingum. Það gefur þó nokkra von að hópur ungs fólks vinnur nú skipulega að málefnum hælisleitenda. Sú reynsla verður dýrmæt og gefur tilefni til að vona að sú tíð komi að Ísland taki á móti því örlitla broti flóttamanna sem hingað koma í leit að mennsku. Gleymum aldrei þeirri ábyrgð sem Íslendingar bera einnig á flótta fólks frá stríðshrjáðum svæðum.

Upplýsingar um málefni hælisleitenda á Íslandi er að finna á <http://this.is/refugees/>



Fréttabréf MFÍK

Nóvember 2009

Á döfinni hjá MFÍK

16. nóvember

Opinn félagsfundur í Friðarhúsi kl. 19:00
(á horni Snorrabrautar og Njálsgötu).

Á dagskrá verða umræður um mikilvægi
friðar og friðaruppeldis.

Kvöldverður á hóflegu verði í upphafi fundar.

Húsið opnar 18:30. Allir velkomnir!

5. desember

Árleg bókmenntakynning MFÍK kl. 14.00
Mír-salnum, Hverfisgötu 105



Friðarumræða á Íslandi.

Fyrir réttum þremur árum hvarf bandaríkjaher á brott frá Íslandi með tæki sín og umsvif. Litu þá margir glaðan dag, töldu sig hafa endurheimt landið og ný tækifæri til að móta eigin afstöðu. Loksins lausir úr skugga þeirrar fylgispektar sem vera herstöðvarinnar hafði innrætt í 55 ár.

En nú dregur bliku á loft. Á ný eru uppi hugmyndir um að bjóða landið og lofthelgina undir hergagnageymslu og æfingar fyrir hershöfðingja NATO. Í þetta sinn er það hollenskt einkafyrirtæki sem sér hag sinn í því að gerast milliliður í málinu. Það skyldi þó ekki hafa frést af lítilþægni okkar og útsöluprísnum? Það skyldi þó ekki vera að sómakært fólk, í Hollandi eða annars staðar, kæri sig ekki um að leggja nafn sitt og lífsrými undir slíka starfsemi?

Fyrirtækið hyggst nota Keflavíkurlugvöll undir viðfangsefni sín og víst er að það á ekki hag sinn undir því að friðvænlegra verði í heiminum. Ef “vel” gengur verða leikföngin í vitfirrtu hernaðarbrótti heimsins fleiri og meiri peningar safnast í sjóði hermangaranna. Sú óheppilega staða gæti að vísu komið upp að það takist að æra einhvern óstöðugan þannig að Keflavík yrði í hans augum rökrétt skotmark. Uppákomur af því tagi eru ekki með öllu óþekktar á vígaslóðum síðustu áratuga eins og margir hafa kennt á eigin skinni.

Í ríkisstjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar eru ákvæði um hvernig endurreisa skuli traust og orðspor Íslands á alþjóðavettvangi. Áhersla er m.a. lögð á baráttu fyrir friði og afvopnun og að framlag Íslands til friðargæslu í heiminum verði fyrst og fremst á sviði sáttumleitana, uppbyggingar borgaralegra stofnana, jafnréttis- og

mannúðarmála. Þessi falletgu fyrirheit eru í hróplegu ósamræmi við hugmyndir um að lána land og aðstöðu svo gera megi hermenn hæfari í að drepa fólk.

Við skorum því á ríkistjórnina að hafna þessum háskalegu áætlunum. Íslendingar nýrra tíma eiga að rísa upp, taka saman ábyrgð á því að láta drauminn um herlaust land og vopnlausu, ábyrga þjóð verða að veruleika. Mörkum okkar eigin sérstöðu. Bindum ákvæði í stjórnarskrá um að Ísland sé her- og vopnalaust svæði og leggjum þannig lóð á vogarskálina fyrir afvopnun og betri heimi.

Guðrún Hannesdóttir og María S. Gunnarsdóttir.

Hælisleitendur á Íslandi

Á árunum 1990-2007 sóttu 603 einstaklingar um pólitískt hæli á Íslandi á árunum. **Öllum nema einum var hafnað.**

Í vor tók MFÍK þátt í sýningunni ORBIS TERRÆ í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu. MFÍK-félagar léku í sýningunni eða voru hluti af innsetningu og enn aðrar skiptu með sér að dreifa upplýsingum um MFÍK.

Leikverkinu var ætlað að vekja fólk til umhugsunar um áhrif stríðs og gerði það. Þátttaka hælisleitenda í þessari sýningu lét varla nokkurn mann ósnortinn. Fyrir þeim var þetta ekki bara leikhús heldur blákaldur veruleiki.

Nýverið voru þrír hælisleitendur fluttir nauðaflutningi frá Íslandi til Grikklands en fjórða manni, tókst að felast þar til

